Verkalýðsblaðið

8. tbl. 11. árg. 6. október 1982 Verð kr. 10,00

Viltu taka þátt í að semja nýja stefnuskrá?

Í 1. maí tbl. Verkalýðsblaðsins 1981 eru birt drög að stefnuskrá Kommúnistasamtakanna (KS). Samtökunum hefur ekki tekist að vinna nothæfa stefnuskrá upp úr þeim drögum. Mörgum hefur þótt þau of loðin og almenn og öðrum alls ótæk. Hafa þau verið lögð til hliðar.

Á þingi KS í vor var því slegið föstu, að KS líti **ekki** lengur svo á að þau skuli stefna að því að sameina vinstri menn og byltingarsinna **undir sín merki**. Það starf verði unnið í samráði við aðra íslenska byltingarsinna og kommúnista.

Stjórnmálaástandið á vinstri kantinum einkennist mjög af hugmyndaringulreið og sundrungu. Mjög fáir taka skipulega þátt í stjórnmálum og mikið stjórnmálaafl er óvirkjað utan allra stjórnmálasamtaka eða sem óvirkir félagsmenn flokka og samtaka.

Í ljósi þessa líta KS svo á að besta leiðin út úr þessum ógöngum sé að gera tillögu að stefnugrundvelli fyrir nýja stjórnmálahreyfingu. Reynsla félaga KS af 10 ára stjórnmálavafstri og langvinnu hugmyndauppgjöri gæti komið að nokkrum notum í því starfi. Þetta á þó ekki að verða einkaframtak þeirra.

Fyrsti áfangi verksins er að safna í hugmyndabanka. **Við biðjum því alla lesendur þessa blaðs og stuðningsmenn samtakanna að setja á blað hugmyndir sínar um eftirfarandi:**

- ★ **Hvernig stjórnmálasamtök vilt þú að verði byggð upp?**
- ★ **Til hvaða mála þurfa slík samtök að taka afstöðu (telja upp þau mál, sem þér finnst mestu skipta).**
- ★ **Hvaða afstöðu á að taka til þeirra mála (í örstuttu máli).**

Við vonumst til að fá marga tugi (helst hundruð) blaðsnepla með ólíkum hugmyndum ólíks fólks í hugmyndabankann. Þeim þarf að skila fyrir 20. okt. n.k. (helst með nafni og heimilisfangi eða símanúmeri, svo við getum haft samband aftur, þó er það ekki skilyrði). Stjórn KS mun safna hugmyndunum saman, flokka þær og gera með hliðsjón af þeim tillögu að beinagrind stefnugrundvallar nýrra stjórnmálasamtaka, sem yrði lögð fram á fundi í byrjun nóv. til umræðu og gagnrýni. Eftir rækilegar umræður yrðu líklega kosnir 2—3 menn til að skrifa uppkast að stefnuskránni. Stefnt er að því að geta afgreitt það uppkast í janúar og gefa afraksturinn út í bæklingi, sem yrði dreift víða og skipulagðir um hann fundir.

Við skorum á þig, lesandi góður, að leggja þitt af mörkum í hugmyndabankann og skila fyrir 20. okt. í pósthólf 5186, 125 Reykjavík, eða til einhvers félaga í KS.

Stjórn KS

Fjölmennum á landsfund SHA

Samtök herstöðvaandstæðinga halda landsfund 9.—10. október n.k. að Hótel Heklu við Rauðarárstíg í Reykjavík.

Barátta herstöðvaandstæðinga hefur undanfarið legið nokkuð í láginni. Krafan um þjóðaratkvæði sem fyrir nokkrum árum átti að verða meginásinn í áróðursstarfsemi samtakanna hefur alls ekki vakið þá athygli á málstað samtakanna né verið sá drifkraftur sem vænst hafði verið.

Verkalýðsblaðið er þeirrar skoðunar að Samtök herstöðvaandstæðinga þurfi að taka til rækilegrar umræðu hvernig taka megi á málum þannig að traust íslensks almennings verði vakið og eflt á málstað samtakanna. Til þess þarf meira til en gengdarlaust slagorðaglamur, kröfugöngur, mótmælafundir o.þ.h. Samtök herstöðvaandstæðinga þurfa að **taka frumkvæðið** í umræðunni, leggja fram kröfur og álit sem gagna alþýðunni á líðandi stundu og verða málstaðnum til framgangs þegar fram líða stundir.

Á viðsjárverðum tímum þurfa samtökin að gera þær kröfur til íslenskra stjórnvalda að gefi út yfirlýsingu um bann við allri umferð farartækja með kjarnorkuvopn innanborðs innan íslenskrar landhelgi. Þá kröfu verður að gera á hendur NATO að það upplýsi hverjar séu „varnaráætlanir" þess gagnvart Íslandi, s.s. eins og gert hefur verið í Noregi. Það þarf að gera þá kröfu að NATO lýsi því yfir að bandalagið muni aldrei beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði, né heldur til endurgjalds kjarnorkuárás nema andstæðingurinn sé fyrst spurður hvort um mistök hafi verið að ræða. Það þarf að krefjast þess að engin ný kjarnorkuvopn verði sett upp í Evrópu. Það þarf að gera þá kröfu á hendur íslenskum stjórnvöldum að þau útbúi og framkvæmi almannavarnaáætlun fyrir Ísland sem gagnist þjóðinni í hugsanlegu gereyðingarstríði. Loks er rétt að vekja athygli á máli sem Gils Guðmundsson bar fram fyrir nokkrum árum á landsfundi. Hundruð ef ekki þúsundir Íslendinga hafa beint eða óbeint framfæri af hervist ameríska hersins, einkanlega á Suðurnesjum. Gagnvart þessu fólki þýðir ekki að segja: Farið í fiskinn þegar herinn fer. Herstöðvaandstæðingum ber skylda til að gangast fyrir gerð nýrrar, herstöðvalausrar atvinnuáætlunar fyrir Suðurnesin og berjast fyrir framkvæmd hennar.

Þessi atriði og mörg fleiri þarf að taka til umræðu á landsfundi herstöðvaandstæðinga í Reykjavík 9.—10. október n.k.

Verkalýðsblaðið hvetur alla sem vettlingi geta valdið að mæta á landsfundinn. Það er þörf á að blása í glæðurnar.

óhs.

Réttur „einka"framtaksins

Verkbanni útgerðarmanna er nú lokið. Kröfur þeirra á hendur stjórnvöldum náðu flestar fram að ganga. Enn hefur það sýnt sig að þjóðfélag okkar er skipulag hinna ríku, eignarmannanna á meðan vinnandi fólk fær að lepja dauðann úr skel.

Í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins var á það minnst að aðgerðir togaraeigenda væru ólöglegar og vörðuðu við 17. grein vinnulöggjafarinnar, þar sem m.a. er kveðið á um að vinnustöðvun sé ólögmæt ef hún beinist að því að „þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma..." Undir þessa skoðun hafa margir tekið, jafnvel lét sjávarútvegsráðherra liggja að því þegar honum var hvað heitast í hamsi. En allt var þó látið kyrrt liggja.

Andsvör útvegsmanna við þessum athugasemdum eru dæmigerð fyrir bæði valdhroka atvinnurekenda yfirleitt og fyrir það í hve gerólíkri stöðu atvinnurekendur eru á vinnumarkaðnum miðað við launafólk. Aðspurður sagði Kristján Ragnarsson í sjónvarpsþætti að stöðvun flotans væri í fyrsta lagi ekki verkbann vegna þess að hún beindist ekki gegn sjómönnum (!) og í öðru lagi ætti útgerðarmönnum sem eigendum (sic!) atvinnutækjanna að vera í sjálfsvald sett hvenær þeir ákvæðu að hætta rekstri. Hugsið ykkur ef verkafólk legði allt í einu vinnu á þeirri forsendu að það væri eigandi vinnuaflsins!

Afstaða samtaka sjómanna til stöðvunar flotans var vægast sagt einkennileg. Það er eins og sjómannasamtökin létu sér aðgerðir „eigenda" vel líka, **þrátt fyrir** að í öllum viðtölum sem fjölmiðlar tóku við almenna sjómenn kæmi í ljós að yfirgnæfandi meirihluti sjómanna væri andvígur verkbanni útgerðarmanna og teldu barlóm þeirra orðum aukinn. Sjómenn eru seinþreyttir til vandræða, en greinilegt er að þeir þurfa fyrr en síðar að taka til hendinni í samtökum sínum.

Ekki komst hnífurinn á milli þar sem var Alþýðubandalagið og útgerðarmenn. Öll sósíalísk stefnumið flokksins virðast hafa gleymst, s.s. þjóðnýtingaráform o.fl. Í Reykjavík reyndi flokkurinn í skjóli minnihlutans að berjast fyrir því að BÚR-togararnir sigldu en á Norðfirði voru bátarnir bundnir hið fastast við bryggju og engum þar datt í hug að rjúfa samstöðu útgerðarmanna. Stéttvísir menn þar!

Með lausn rekstraróreiðu bátaflotans (stundum kallaður „vandi") eru ótaldir fjármunir færðir til útgerðarinnar. Olíusjóður, vaxtalækkanir, skuldbreytingar, millifærslur gengis-„hagnaðar" o.fl. Enn sýnir það sig að útgerðarmenn hafa á næg og góð mið að sækja, þótt fiskurinn bregðist. Það er hins vegar verkafólk til sjós og lands sem á að taka á sig skellinn.

óhs.

Verkalýðsblaðið

Útgefandi:	Kommúnistasamtökin	**Sími:**	2 92 12
Ritstjóri	Ari Trausti Guðmundsson (ábm.)	**Pósthólf:**	5186 125 Reykjavík
Aðsetur:	Frakkastígur 14	**Giróreikningur:**	12 200 9. Póstgíróstofan
Opnunartími:	Alla laugardaga kl. 11.00 — 13.00	Prentað í Offsetprent	

Önnur fisk-veiði- og út-gerðarstefna

Rúmlega helmingur íslenskra togara er í einkaeign. Hlutfall einkaeignar í bátaflotanum er vafalaust hærra. Nú á útgerðin í vandræðum og peningamennirnir, er eiga meirihluta togaranna, hafa beitt þrýstiaðgerðum sem þeir sjálfir hika ekki við að kalla ,,ólöglega vinnustöðvun'' ef launamenn eiga í hlut.

Rekstrarringulreið útgerðarinnar, sem kölluð er því óþolandi orði vandi, **er sögð stafa af of háum útgerðarkostnaði og aflabresti. Lækning borgaralegs ríkisvalds felst í því að færa fé úr almennum sjóðum og vasa launafólks með kaupráni til einkaaðilanna og félagslegra fyrirtækja sem flest eru reyndar rekin á venjulegum arðránsgrundvelli. En ekki er allt sem sýnist.**

Vissulega er olían dýr. En greiðsluféð er í raun tekið af verðmætum sem sjómenn afla. Þá er búið að taka hluta þeirra framhjá skiptaverði, annan hluta til að greiða afborganir lána og enn annan hluta til að halda uppi fjölskyldum og einkaneyslu allra eigenda og fyrirmanna í fyrirtækjunum. Um síðastnefndu töluna er aldrei rætt. Minnumst þess líka að það var þorsti fjárhættuspilarans í gróða fremur en umhyggja fyrir almannahag sem ýtti útgerðaraðilum út í stjórnlitlar fjárfestingar og togarakaup í engu samræmi við þarfir byggðarlaga og alþýðu manna. Nú er kvartað yfir af borgununum sem vísar voru þegar í upphafi.

Sama gróðasóknin og stýrði fjárfestingunum, hefur stýrt veiðunum undanfarin ár. Afleiðingin er rányrkja. Sú skammsýni og kólnandi sjór ógna nú hinum tungulipru mönnum sem láta eins og þeir séu ómissandi fyrir veiðiskap Íslendinga og heimta styrk til að geta lifað áfram flott. En því miður hefur einkarekstur og mest af félagsrekstri í útgerðinni líka komið niður á launafólki. Svar þess mun fyrr eða síðar vera fólgið í því að þjóðnýta útgerðina undir sinni eigin stjórn og skipuleggja hana í sátt við náttúru- og byggðasjónarmið. Það er ekki hægt að lækka útgerðarkostnað í raun, nema með því að fækka skipum og útiloka stjórnleysi og gróðasöfnun einstaklinga. Slíkt heitir víst sósíalismi. Hann er útlægur úr flokkapólitík í bili, því er verr.

Beirút í hjarta okkar

Fjöldamorð opna augu makindalegra Vesturlandabúa af miskunnarleysi. Í þeim skynja þeir loks að heimurinn er stærri en land þeirra og hagsmunir þjóða eru líka til utan Evrópu. Þeir skilja loks að sjálfsákvörðunarréttur þjóða er ekki heilagur í allra augum og fátæk alþýða ekki brjóstum - kennanleg í augum valdsins manna.

My Lai-morðin urðu einn stærsti banabiti Bandaríkjamanna í Víetnam, hvað sem andstyggðarstjórnarfarinu líður í því hrjáða landi nú. Hver man ekki samúðarölduna sem reis eftir hrannvíg stjórnvalda í El Salvador? En þau birtust líka í fjölmiðlum. Raun er til þess að vita að það þurfi að merja hjartað í brjósti evrópsks alþýðumanns til að hann rísi öðrum til bjargar í fjarlægu landi. Stuðningurinn við alþýðu El Salvador hefur enda ekki náð til Afganistan þar sem sovéskir blóðhundar og innlendir hvolpar þeirra hafa, óséðir af fjölmiðlum, tætt í sig heilu þorpin með allt að 2000 íbúum vegna þess að fólk vill ráða sínum málum sjálft innan landamæra þjóðríkis síns. Hugleysi Evrópuþjóðanna er makalaust, eða eigum við að kalla þetta sinnuleysi?

Nú hafa Ísraelsherir og skósveinar þeirra bætt á einum degi við 1500 líkum óvopnaðra manna á lista tugþúsundanna í grannríki Ísraels. Sakir fólksins eru þær einar að vera Palestínumenn — fólk sem á fullt tilkall til lands við botn Miðjarðarhafs. Fjöldamorðin í Beirút og mannfyrirlitning stjórnvalda í Ísrael mun verða einn stærsti banabiti þeirra.

Ef Beirút hefur ekki snert hjarta íslensks almúga er það úr steini. Hann getur látið íslensk stjórnvöld viðurkenna PLO og látið þau beita sér gegn Ísrael. Núna strax.

20.9.—agé.

AB er bæði band

— svar til rb

Lengi hafa marx-lenínistar talið rétt að vinna upp sjálfstætt, byltingarsinnað stjórnmálaafl til hliðar við Alþýðubandalagið. Í þessu skyni hafa þeir reynt að greina stefnu AB, útskýra kratíska stefnu þess og andæft því í ýmsum dægurmálum. Þar hefur kappið jafnan verið meira en forsjá og hátt reitt til höggs. Hefur oft farið svo að marx-leníníska samtökin hafa ekki leitað samvinnu við AB eða stutt flokkinn í einstaka máli af því að hann var útmálaður sem ,,ósættanlegur andstæðingur''. Er kommúnistar vitkuðust með árunum fóru þeir að sýna taktískari viðbrögð gagnvart AB.

Gott er það og blessað. En þá virðist sem stöku kommúnistar tapi áttunum og finni út, að AB **geti í raun ekki betur,** en hafi þó svikið hugsjónir sósíalismans, svo ekki sé minnst á marga kommúnista sem ku starfa innan flokksins og gera hann, ásamt grundvallarstefnu flokksins (sem hann sveik?), að

Um samþykkt samninga BSRB

Ekki felldu opinberir starfsmenn samninga, s.s. Verkalýðsblaðið lagði að þeim í síðasta tbl. Þvert á móti voru samningarnir samþykktir með u.þ.b. tveim þriðju hluta atkvæða. E.t.v. er þetta tákn um litla útbreiðslu og máttleysi Verkalýðsblaðsins — hitt er þó víst að það hefur átt hér harla lítinn hlut að máli.

Samþykkt samninga BSRB við ríkisvaldið kemur í kjölfar lágkúrulegra samninga Alþýðusambandsins, klofnings í röðum samninganefndar BSRB og bráðabirgðalaga um kjaraskerðingu sem hlotið hafa blessun nær allra ,,þungavigtarmanna'' verkalýðshreyfingarinnar. Því er kannske ekki að furða að félagsmenn BSRB hafi greitt samningunum atkvæði sitt, vitandi þó um að launahækkanir þeirra verða teknar aftur fyrir áramót.

Verkalýðsblaðið er skilningsríkt í garð opinberra starfsmanna, þeirra tveggja af hverjum þremur sem sögðu já við lítilræðinu. Blaðið ræðst ekki gegn þeim fyrir að samþykkja. Áfellisdómurinn verður því þyngri gagnvart þeim innan BSRB sem í fararbroddi eiga að standa. Gagnvart þeim þægu fylgismönnum ýmissa ríkisstjórnarflokka, sem kveinkuðu sér við að fylgja hagsmunum umbjóðenda sinna eftir. Gagnvart þeim sem í forystunni voru óánægðir með samningana en kveinkuðu sér við að fylgja óánægjunni eftir þegar samningarnir voru kynntir almennum félagsmönnum.

Stéttarfélög eru tæki til baráttu. Er það nema von að almennir félagsmenn telji lítils virði að blása til átaka, þegar oddurinn er deigur og eggin skörðótt?

óhs.



Hálfgerður f

Við upphaf september tóku Reykvíkingar eftir því að búið var að veggfóðra mörg hús og plakataveggi með auglýsingu frá ,,frumkvæðishópi'' verkafólks. Þar var boðað til stofnfundar Hreyfingar gegn kjaraskerðingu á Hótel Borg.

Líklega voru flestir fundarboðenda úr hópi þeim er nefnir sig Baráttusamtökin fyrir stofnun kommmúnistaflokks (BSK). Ekki höfðu þeir fyrir því að reyna að fá til liðs við sig aðra þá reykvíska launamenn sem hingað til hafa tekið til orða eða slegist gegn öfugmælastefnu verkalýðsforystunnar. Þrátt fyrir miklar auglýsingar voru aðeins 26 manns á fundinum, langflestir úr BSK, Kommúnistasamtökunum og Fylkingunni og varla áhugalausir um framgang andófs í verkalýðshreyfingunni, af því að dæma.

Mest af málflutningi frumkvæðishópsins hafði heyrst áður, enda þetta í a.m.k. fjórða sinn síðan 1973 sem reynt er að stofna formleg andófssamtök í kjarabaráttunni. Að þessu sinni tókst fundarboðendum hroðalegar en áður. Eftir lestur langrar ályktunar (sem í var margt bitastætt og eitthvað óþarft, rangt eða óljóst) var sagt: ,,Þeir sem stofna vilja hreyfingu á grundvelli þessarar ályktunar, rétti upp hönd''.

Rukkunarhornið

Rukkun gjalda 1982

Rukkunarátak á Rvíkursvæðinu verður nú í okt. Þeim sem ekki næst í verða sendir gíróseðlar sem við biðjum um að sé sinnt strax.

Kynningaráskrift

Allmargt fólk hefur nú um skeið fengið Verkalýðsblaðið í kynningaráskrift. Þegar 3 blöð hafa verið send ókeypis gerum við a.m.k. hálft í hvoru ráð fyrir að fólk láti okkur vita, t.d. með endursendingu fjórða blaðsins eða útfyllingu uppsagnarmiðans sem oft birtist í blaðinu.

Aðra munum við rukka með póstkröfu eða gíróseðli þegar þar að kemur. Jafnframt biðjum við velunnara okkar að senda okkur ábendingar um þá sem líklegt er að myndu vilja slíka kynningaráskrift.

Breytt heimilisfang

Þarf að tilkynna til að tryggja skilvísa afgreiðslu blaðsins. Vinsamlegast skrifið, því að það er svo sjaldan sem einhver er við símann hjá okkur. Látið gamla heimilisfangið helst fylgja því að það auðveldar okkur breytinguna.

Áskrifendaskráin

amaður og óvinur

hugsanlegum starfsvettvangi kommúnista.

Þannig er í stuttu máli inntak greinar rb í 7. tbl. Verkalýðsblaðsins. Þar blandar hann saman réttu og röngu á heilli síðu sem krefst a.m.k. tveggja til að andæfa svo vel fari. Þetta svar er stutt.

rb segir ranglega frá er hann telur ,,afhjúpun marx-lenínista á AB hafa verið fólgna í að á-saka forystumenn í AB um svik í kjarabaráttunni.'' Marx-lenínistar hafa þvert á móti lagt mikið til um heildarstefnu AB, um landsfundarsamþykktir, vinnubrögð o.fl. Um það vitna blaðagreiðar, greinar í VB og í tímaritum. En meini rb að þeir hafi gert of lítið og ekki vandað sig nóg, hefur hann lög að mæla.

Verst er þó að rb skuli fara í smiðju borgaralegra hagfræðinga. Hann tekur **stéttlaust** safnhugtak ,,þjóðartekjur'' og segir að 15 ára aukningu þeirra (hún á að vera mikil?!?!) hafi fylgt auknar tekjur almennings (sama mætti segja um tímabilið 1920—80!?!). Og ekki nóg með það, heldur sé aukningin ,,til samræmis'' við aukningu þjóðartekna. Hvert er þetta samræmi? Ef rb á við að með framþróun og samþjöppun auðvaldsskipulagssins fylgi framleiðni- og verðmætaaukning sem svo aftur leiði til tekjuauka vinnandi fólks, þá er hann bara að benda á alkunnugt lögmál. En mergurinn málsins er sá að mælikvarða á arðránið sem hlutfall af framleiðsluverðmætum er **ekki** að finna í þjóðartekjugrautnum. Þar sést hvergi **tekjuskipting** milli stétta og enn síður má bera saman prósentusveiflur þjóðartekna (stór tala) og prósentusveiflur launatekna (mun minni tala).

Svo ætti hverjum kommúnista að vera ljóst að hlutverkið sem AB þykist hafa (málsvari launamanna) inniber að flokkurinn gangi fremstur fram við að skerða ,,tekjur'' auðvaldsins. rb lætur eins og það sé eðlilegt að AB ,,endurspegli almennan baráttuvilja verkalýðsstéttarinnar'' sem væntanlega gengur út á að hafa áðurnefnt ,,samræmi'' milli sveiflna þjóðartekna og launa, eða hvað?

Hvernig rb finnur út að verkalýðsforystan hafi sett fram háar kröfur ,,þegar þorri verkalýðsstéttarinnar telji sig eiga skýlausan rétt á launahækkun'', er mér hulið. Nær væri að leita flokkshagsmuna. Það er lítið samhengi milli vilja fólks og stefnu verkalýðsforystunnar — enda lýðræðið lítið í félögunum.

Við rb eru sammála um fráhvarf AB frá byltingarsinnuðum sósíalisma, sem væntanlega þýðir að rb er ósammála kosninga- og ríkisumsvifaleið AB til þess **er flokkurinn telur** sósíalisma. En spurning rb (sem hann svarar ekki) um hvort stefna AB **geti verið** öðruvísi við núverandi aðstæður er út í hött. Eitt er að útskýra yfirbragð flokks út frá aðstæðum, annað er að halda að aðstæðurnar **réttlæti** stefnuna. Það er víxlverkan milli umhverfis og meðvitaðrar stefnu í þjóðmálabaráttu. AB hefur í aðalatriðum ranga stefnu.

Að lokum: Ég skora á rb að útskýra þessa fullyrðingu sína: ,,AB er lýðræðislegur flokkur..'' Enn vil ég hvorki bera ábyrgð á stefnu AB sem félagi í flokknum né reyna að búa til verkalýðsflokk innan hans.

Ari Trausti Guðmundsson

Línuritið er úr grein Stefáns Ólafssonar í Mbl. 15. sept. Eðli auðskipulags er m.a. fólgið í að laun hækka ef framboð á vinnuafli minnkar eða framleiðsluverðmæti aukast (og öfugt). Tilgangur verkalýðsbaráttu er að sækja eða verjast þannig að laun séu sem stærst hlutfall framleiðsluverðmæta. Þjóðartekjur eru að litlu leyti mælikvarði á þessi verðmæti en þó ljóst að orð rb í greininni ,,AB — bandamaður eða óvinur'', fá ekki staðist — ekki einu sinni í ljósi borgaralegrar hagspeki. Laun hafa fallið þveröfugt við orð rb og lífskjör versnað hlutfallslega, ef menn leyfa sér að nota slíka hagspeki — segir Ari T. Guðmundsson í andsvari til rb.

farsi

Engar umræður voru leyfðar, en talað um ,,framhaldsfund um næstu helgi''. Við svo búið gengu Fylkingarmenn út í fússi en aðrir sátu eftir, sumir heldur kindarlegir í framan. Þarf varla að útskýra hvers konar fundarsköp eða starfsaðferðir lýsa sér í buslugangi fundarboðenda.

Reynslan af því að koma upp skipulögðu andófi í verkalýðshreyfingunni gefur fullt tilefni til að gætt sé að heppilegu tilefni, ástandinu í félögunum, áhuga fólks, breiðri samstöðu, vandlegum undirbúningi, samstarfi o.fl. o.fl.

Framtak þeirra í BSK var eflaust gert í ágætri meiningu en reyndist verða lítið annað en einkaauglýsing á stjórnmálasamtökum og andlýðræðisleg sýnikennsla. Hugleiðið aðferðir ykkar og rýnið í reynsluna, félagar í BSK!

Ljóst er þegar í upphafi að áðurnefnd hreyfing er andvanda fædd.

—agé

Leiðrétting

Í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins var sagt í myndtexta með greininni ,,Alþýðubandalagið: bandamaður eða óvinur?'' að ráðherrar AB teldu sig til hinna síðarnefndu, þ.e. óvinanna. Þetta var að sjálfsögðu öfugt. Þeir vilja telja sig til hinna fyrrnefndu, vinanna, hvað sem við hin álítum.

Taktu þátt í skoðanakönnun

Verkalýðsblaðið hefur komið út í 20 ár, þar af í nær þrjú ár eftir sameiningu Stéttabaráttunnar og Verkalýðsblaðsins. Um tíma voru áskrifendur vel á annað þúsund talsins og lausasala gat farið yfir 1000 eintök.

Með minnkandi starfsemi kommúnísku samtakanna og fækkun félaga, hefur blaðið bæði breytt um yfirbragð og útbreiðsla þess minnkað. Útgáfutíðnin er nú komin niður í eitt tbl. á mánuði og síðufjöldi hefur einnig minnkað dálítið. Minna er um dægurefni í blaðinu en áður, minna um viðtöl og efni ekki eins fjölbreytt og áður. Umræðugreinar og vangaveltur um sósíalíska fræðikenningu eru áberandi.

Aðstandendur blaðsins vilja efla það og halda útgáfunni áfram, en hún er kommúnísku starfi nauðsynleg. Hitt er svo ljóst að fjáröflun, efnisöflun og vinnsla er erfið og alls ekki ljóst hvað lesendur blaðsins vilja í málum Verkalýðsblaðsins. Eitt er þó víst: Blaðið lifir ekki og batnar nema átak komi til.

Ritstjórn VB gengst fyrir skoðanakönnun meðal lesenda til þess að fá gleggri mynd af stöðunni. Sumir fá símtal, aðrir ættu endilega að senda spurningalistann hér að neðan útfylltan til okkar. Undirtektir eru mælikvarði á áhuga fólks fyrir blaðinu.

Skoðanakönnun VB

Sendist í
Pósthólf 5183
125 Reykjavík.

1. Hve lengi hefur þú verið áskrifandi?: _____ ár.
2. Aldur: _____ ár.
3. Staða: _____
4. Telur þú vera þörf fyrir VB?: _____
5. Gætir þú gefið VB ,,heildareinkunn'': _____
   _____
6. Hvaða síðufjöldi er æskilegur?: _____
7. Hvaða áherslur vilt þú hafa á efnisflokka (merktu við með tölustöfum, 1 táknar fyrsta sæti):
   ☐ Almenn kjarabarátta, ☐ Þjóðmál efst á baugi, ☐ Orsakir stjórnmálaatburða, ☐ Útskýringar á gangi efnahagsmála, ☐ Um hugtök og afstöðu kommúnista, ☐ Efni frá málum stéttarfélaga, ☐ Fræðilegar greinar um sósíalisma og kapítalisma, ☐ Kvennapólitík, ☐ Utanríkisefni, ☐ Umræðugreinar, ☐ Viðtöl — og þá hvers konar: _____
   ☐ Annað: _____
   _____
8. Hvernig finnast þér leiðarar VB?: _____
9. Hvað finnst þér um myndefni VB?: _____
10. Hvernig finnst þér málfar í VB?: _____
11. Hvað finnst þér um lengd greina?: _____
12. Aðrar ábendingar: _____
    _____
13. Tillögur um framtíð VB: _____
    _____
    _____
    _____

Svarir þú eftirfarandi spurningum, sendu þá nafn og heimilisfang:

Vilt þú: ☐ Selja VB
☐ Skrifa í VB?
☐ Safna áskrifendum?
☐ Greiða fjárframlag?

Nafn: _____

Heimili: _____

Staður: _____

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavik

Lausasala 4 síður: Kr. 10
Lausasala 8 síður: Kr. 15
Lausasala 12 síður: Kr. 20
Áskrift: Kr. 150
Stuðningsáskrift: Kr. 200
Áskrift til útlanda: Kr. 200
Giró: 12200-9

Verkalýðsblaðið
8. tbl. 11. árg. 6. oktbóber 1982

rb svarað

Ekki bara slagur um laun

Hefur AB svikið kjarabaráttu verkalýðsins?

Í síðasta tbl. VB skrifar rb grein undir yfirskriftinni: Alþýðubandalagið — Bandamaður eða óvinur? Niðurstaða rb er að Alþýðubandalagið hafi ekki svikið kjarabaráttu verkalýðsins, láti hins vegar sósíalíska baráttu sitja á hakanum. Hið fyrrnefnda sló mig verulega og ætla ég að halda mig við það atriði hér en láta umræðu um heildarviðhorf greinarhöfundar bíða betri tíma.

Máli sínu til stuðnings teflir rb fram tveimur meginrökum. Í kjarabaráttunni gerir verkalýðsforystan ekki annað en að endurspegla almennan baráttuvilja verkalýðsstéttarinnar og að þær kjarabætur sem verkalýðsforystan nær fram fylgi í grófum dráttum þjóðartekjum. Niðurstaða: Það er þess vegna rangt að gagnrýna Alþýðubandalagið fyrir svik við kjarabaráttu verkalýðsins."

Svo virðist sem rb geri ekki greinarmun á forystu Alþýðubandalagsins og verkalýðsforystunni. Það er einföldun, í sumum verkalýðsfélögum t.d. VR, hefur Alþýðubandalagið aldrei verið í forystustöðu. En ég er sammála rb um að sennilega hefur stefna Alþýðubandalagsins afgerandi áhrif á heildarstefnu verkalýðssamtakanna. Mér til þægindarauka ætla ég að fara sömu leið og rb og gera ekki skýran greinarmun á stefnu Alþýðubandalagsins og verkalýðssamtakanna.

Laun fylgja þjóðartekjum

Mikilvægust rök rb eru að kjarabætur verkalýðsforystunnar tryggi verkalýðsstéttinni í meginatriðum fast hlutfall af þjóðarkökunni. Ég er ekki í aðstöðu til að vefengja þessa fullyrðingu. Raunar rámar mig í að Karl Marx hafi haldið því fram að laun verkafólks í auðvaldsþjóðfélagi sveiflist í takt við þjóðartekjur. Styðji þessi rök eitthvað þá styðja þau að Marx hafi haft rétt fyrir sér. En þau sanna ekki góða frammistöðu Alþýðubandalagsins í kjarabaráttunni. Það er líka mikil einföldun að álíta að kjarabarátta sé fyrst og fremst slagur um laun.

Hvað er kjarabarátta?

Í orðinu felst: Barátta um kjör. en á bak við það stendur mun meira. Í grófum dráttum má telja að annars vegar sé kjarabaráttan varnarbarátta til að halda hlut verkalýðsins af


Alþýðu-bandalagið: BANDA-MAÐUR EÐA ÓVINUR?

Bandamenn eða óvinir — þessir ráðherrar telja sig til hinna síðarnefndu.... Þrátt fyrir allt!

Grein rb í síðasta tbl. Verkalýðsblaðsins um Alþýðubandalagið hefur heldur en ekki vakið andsvör. Hér birtist annað svarið af tveimur. Hitt finnst í opnu blaðsins.

þjóðarkökunni, spyrna gegn niðursveiflum og sækja á þegar vel árar. Þetta er sú hlið sem rb virðist hafa í huga. En hins vegar er barátta verkafólks fyrir félagslegum umbótum mikilvægur hluti kjarabaráttunnar. Undanfarin ár hefur athyglisverð þróun átt sér stað á þeim vettvangi. Verkalýðsforystan er hætt að leggja áherslu á að sækja félagslegar umbætur í vasa atvinnurekenda. Þess í stað semur hún um loforð eða félagsmálapakka við viðkomandi ríkisstjórnir. Ég ætla að nefna eitt dæmi.

Hér áður fyrr sömdu einstök félög við atvinnurekendur sína um fæðingarorlof. Nokkur félög, s.s. BSRB og Sókn höfðu náð þokkalegu fæðingarorlofi, a.m.k. í samanburði við meirihluta verkalýðsfélaga, en þau höfðu af einhverjum ástæðum ekki áhuga á að semja um fæðingarorlof fyrir félagskonur sínar. Stór hluti verkakvenna varð að fá greiðslur úr atvinnuleysistryggingarsjóði, sem var afleitt. En fyrir tæpum 2 árum gengu í gildi lög sem færðu fæðingarorlof yfir á tryggingar. Fyrir konur er þetta stór bót en lögin eiga sér neikvæðan fylgifisk. Hér er komin viðurkenning allra aðila, þ.á.m. verkalýðshreyfingarinnar á, að atvinnurekendur eigi ekki að borga fæðingarorlof, heldur almenningur, með iðgjöldum til trygginga. Héðan í frá munu verkalýðsfélög ekki semja um enn betra fæðingarorlof heldur verður það látið ríkisstjórn og Alþingi eftir. Afleiðingar þessarar stefnu verða óhjákvæmilega að verkafólk hættir að ná fram félagslegum umbótum með virku starfi innan fagfélaganna, heldur með því að kjósa „velviljaða" menn á Alþingi.

Það er erfitt að meta magn eða gæði félagslegra umbóta og þ.a.l. hvort ávinningar í umbótabaráttunni hafi tilhneigingu til að fylgja þjóðartekjum. Það er þó ekki ósennilegt. En hitt er víst að verkalýðsforystan hefur svikið umbótabaráttu verkalýðsins. Þau svik felast í því að samtök verkafólks glata réttinum til umbótabaráttu og að umbætur þykir ekki lengur sjálfsagt að sækja í vasa atvinnurekenda.

„Kjarabaráttan endurspeglar almennan baráttuvilja verkalýðsstéttarinnar"

Þegar rætt er um kjarabaráttu hangir fleira á spýtunni, en það sem er krafist, og það sem næst fram. Ekki er hægt að komast hjá því að athuga ástand þeirrar hreyfingar sem hefur þessi stefnumið á dagskrá sinni. Hvernig er skipulag og starfshættir þeirrar hreyfingar?

Varla er hægt að neita því að almennur baráttuvilji verkafólks er ekki mikill. En stutt yfirlit yfir sögu verkalýðshreyfingarinnar ætti að gefa vísbendingar um orsakir þess. Enn er sú saga óskráð og því erfitt að greina hve mikil áhrif hægri þróun Sósíalistaflokksins og síðar Alþýðubandalagsins hefur verið á starf verakalýðshreyfingarinnar. En augljóst er að samfara þessari þróun hefur miðstýring verkalýðssamtakanna aukist. Æ erfiðara verður fyrir einstök stéttarfélög að skera sig úr og hæpið fyrir þau að vænta stuðnings annarra félaga. Samflot verkalýðsfélaga er orðin almenn regla. Á fyrstu árum verkalýðshreyfingarinnar þótti sjálfsagt að félagsmenn í hverju félagi kæmu sér saman um kröfur og baráttuaðferðir. Nú eru þessi völd í höndum örfárra manna. Í upphafi var einnig möguleiki fyrir félagsmann að komast í stjórn verkalýðsfélags á lýðræðislegan hátt. Nú verður annað hvort að komast í mjúkinn hjá forystunni eða bjóða fram heilan lista með tilheyrandi fjölda meðmælenda, fjaðrafoki og persónulegum átökum.

Kjarabaráttuna í kjörkassana

Alþýðubandalagið stefnir að því að minnka trú almennings á fjöldabaráttu og styrk fagfélaganna. Þess í stað er fólk hvatt til að treysta þingræðislegum leiðum. Alþýðubandalagið gaukar félagslegum umbótum að almenningi og slær með því tvær flugur í einu höggi. Það sýnir fram á vilja sinn til að gera alþýðunni til góða jafnframt því sem raunveruleg þátttaka alþýðufólks í umbótabaráttunni er heft og beint inn á rangar brautir.

Það þarf ekki að koma neinum á óvart að baráttuvilji almennings er lítill.

Kjarabaráttan verður ekki aðskilin frá sósíalískri baráttu. Hér á ég ekki við að kjarabaráttuna eigi að heyja á Alþingi. Þvert á móti eiga sannir bandamenn verkalýðsins að hvetja fólk til að endurlífga verkalýðsfélögin. Hlutverk félaganna verður að aukast frá því að vera andlaust munn- og magastrit yfir í að vera verkfæri fyrir pólitíska, félagslega og verklega menntun almennings.

Alþýðubandalagið rær að því öllum árum að breyta verkalýðshreyfingunni í ópersónulega stofnun. Í stað þess að fagfélögin sýni gott fordæmi með því að virkja verkafólk til lýðræðislegs starfs og þjálfa það til að geta tekið að sér stjórn framleiðslutækjanna og byggt upp sameignarþjóðfélag á Íslandi, er starf í verkalýðshreyfingunni skóli í borgaralegum starfsháttum.

En hvað með fræðslustarf verkalýðssamtakanna, Félagsmálaskóla alþýðu og fræðslustarf einstakra félaga? Er sú fræðsla skóli í borgaralegum starfsháttum? Nei, það gæti ég ekki sagt með góðri samvisku. En því miður brjóta almennir starfshættir verkalýðshreyfingarinnar niður þann góða árangur sem félagsmálaskólinn leggur grundvöll að. Það verkafólk sem fer á félagsmálanámskeið og kemur til baka fullt af áhuga fær sjaldan tækifæri nema með því að ganga í eina sæng með forystu síns félags. Það neyðist til að tileinka sér hugsunarhátt forystunnar, gagnrýnisleysi í eigin garð, vantrú á mátt fjöldans, baktjaldamakk og klíkuskap. Reglur og hefðir þær sem verkalýðsforystan ber mesta ábyrgð á byggjast á svikum, undirlægjuhætti og ólýðræðislegum vinnubrögðum.

Þessu verður að breyta. Og það gerist ekki undir leiðsögn Alþýðubandalagsins. Kommúnistar og aðrir baráttusinnar í verkalýðshreyfingunni verða að stefna meðvitað að því að breyta félögunum í lifandi félög sem fólk getur treyst á og þótt vænt um.

H.B.